

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um hlunnindi handa sparisjóði.** 79  
8. júlí

Með brjefi, dags. 5. apríl þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd sýslunefndarinnar í Mýrasýslu farið þess á leit, að sparisjóði Mýrasýslu verði veitt hlunnindi þau, sem tiltekin eru í tilskipun 5. jan. 1874.

Eftir að hafa yfirfarið og athugað meðsend lög fyrir sjóðinn, vill stjórnarráðið veita nefndum sjóði um 5 ár, frá 1. þ. m. að telja, hin umbeðnu hlunnindi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi.

Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir sýslunefndinni.

## Reglugjörð

80  
7. apríl

**fyrir Strandasýslu um lækning hunda af bandormum.**

### 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu ráðnir af hreppsnefnd 1 eða fleiri menn til að hafa á hendi og framkvæma lækningu hunda af bandormum.

### 2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi skal hafa bók, löggilta af sýslumanni, er borgist af sýslusjóði; skal hún á ári hverju rita í hana skrá yfir hundaeigendur og tölu hunda þeirra, svo og tölu þeirra hunda, sem lækningamenn gefa skýrslu um að þeir hafi haft til lækninga frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skal hreppsnefnd senda oddvita sýslunefndar skýrslu samhljóða bókinni.

### 3. gr.

Alla hunda skal hreinsa einu sinni á ári, í nóvembermánuði, með areka-dufti eða kamaladufti, og baða þá strax á eftir úr öruggu fjárbaði, og skulu þá saurindi hinna hreinsuðu hunda vandlega brend.

### 4. gr.

Hundana skal hreinsa á einum eða fleiri stöðum í hverjum hreppi, og skal viðkomandi hreppsnefnd sjá um byggingu, á kostnað hreppsins, á sjerstöfum kofum